

## REGLUGERÐ

### um framtal og skil á olíugjaldi.

#### 1. gr.

##### *Uppgjörstímabil og gjalddagi.*

Uppgjörstímabil olíugjalds er einn mánuður. Gjalddagi er fimmtándi dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir.

#### 2. gr.

##### *Olíugjaldsskýrslur.*

Gjaldskyldir aðilar sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., skulu ótilkvaddir gera grein fyrir því olíugjaldi sem þeim ber að standa skil á, ásamt upplýsingum um magn gjaldskyldrar og gjaldfrjálsrar olíu á uppgjörstímabilinu, á sérstökum olíugjaldsskýrslum sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður nánar efni og form olíugjaldsskýrslunnar.

Sé um að ræða leiðréttingu á áður ákvörðuðu olíugjaldi skal gerð grein fyrir því á sérstökum leiðréttingarskýrslum í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Olíugjaldsskýrslu ber einnig að skila innheimtumanni eða ríkisskattstjóra fyrir hvert uppgjörstímabil þótt ekki hafi verið um olíugjaldsskylda veltu að ræða.

#### 3. gr.

##### *Aðrar upplýsingar gjaldskylds aðila.*

Til viðbótar því sem olíugjaldsskýrslur skv. 2. gr. gefa tilefni til skal gjaldskyldur aðili sem hlotið hefur skráningu skv. 3. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., skýra frá öðrum atriðum sem kunna að skipta máli um skil hans á olíugjaldi. Einnig er gjaldskyldum aðila skylt að láta ríkisskattstjóra í té, í því formi sem óskað er, nánari sundurlíðun á þeim fjárhæðum sem hann færir á olíugjaldsskýrslu, svo og styðja þær gögnum sé þess óskað.

#### 4. gr.

##### *Fullnægjandi skil á olíugjaldi.*

Það teljast fullnægjandi skil á olíugjaldi ef:

1. Greitt er í banka eða sparisjóði í síðasta lagi á gjalddaga. Greiðsla á grundvelli raf-rænna greiðslufyrirmæla telst því aðeins innt af hendi á gjalddaga, að greiðslufyrirmælin berist banka eða sparisjóði innan þeirra tímamarka sem viðkomandi banki eða sparisjóður setur fyrir því að greiðsla teljist hafa farið fram á þeim degi.
2. Greitt er hjá innheimtumanni í síðasta lagi á gjalddaga. Innheimtumenn olíugjalds eru tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur.

Skil eru ekki fullnægjandi nema allar tilskildar upplýsingar komi fram á olíugjaldsskýrslu og hún sé undirrituð af skattaðila eða ábyrgum starfsmanni hans.

#### 5. gr.

##### *Viðurlagaákvæði.*

Brot gegn ákvæðum 2. gr. reglugerðar þessarar varða við 20. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

6. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., og öðlast gildi 1. júlí 2005.

*Fjármálaráðuneytinu, 14. júní 2005.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Vala R. Þorsteinsdóttir.*